

**Dómsorð:**

Stefnda, Ásdís Jóhannesdóttir, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Ingólfs Bjarnasonar, Guðrúnar Ingólfsdóttur, Hrafnhildar Hrafnadóttur, Ingibjargar Ingólfsdóttur og Sigríðar Ingólfsdóttur. Stefnendur, Ingólfur Bjarnason, Guðrún Ingólfsdóttir, Hrafnhildur Hrafnadóttir, Ingibjörg Ingólfsdóttir og Sigríður Ingólfsdóttir, greiði stefndu, Ásdísi Jóhannesdóttur, kr. 45.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. júní 1978.

Nr. 162/1977. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Borghóri Björnssyni**

(Sigurður Ólason hrl.).

Ómerking. Ákærum vísað frá héraðsdómi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Svo sem í héraðsdómi getur, kærði verðlagsstjóri ákærða fyrir verulega vanrækslu á því að skila verðlagseftirlitinu verðútreikningum yfir ýmsar innfluttar og tollafgreiddar vörur, er fluttar höfðu verið til landsins á vegum fyrirtækisins Byggis h/f, og hafið sölu á þeim, án þess að staðfest hefði verið verð þeirra. Ekki lét verðlagsstjóri fylgja kærubréfum sínum aðflutningsskýrslur yfir vörur þessar, tilgreindi aðeins tollafgreiðslunúmer, en gat ekki, hverra tegunda vörur þessar voru.

Við rannsókn máls þessa í verðlagsdómi voru hvorki skýrslur þessar, staðfest endurrit þeirra né ljósrit lögð fram. Er hér þó um slík undirstöðugögn að ræða, að nauðsyn var á að kynna ákærða efni skýrslanna og gefa honum kost á

að tjá sig um þær, sbr. 78. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Fyrir Hæstarétt voru meðal annarra gagna lögð fram ljósrít greindra aðflutningsskýrslna. Greina þær frá allmörgum vörutegundum. Hvorki verður ráðið af skýrslum þessum né öðrum gögnum máls, hvort verðlagning varanna allra eða sumra þeirra hafi verið háð staðfestingu verðlagsstjóra eða trúnaðarmanna hans. Hér fyrir dómi nefndi ríkissaksóknari þrjár vörutegundir, sem ekki voru háðar verðákvörðum verðlagsyfirvalda, en gat þess, að óvíst væri, hvort upptalning að þessu leyti væri tæmandi að því er varðaði vörur þær, sem í aðflutningsskýrslunum greinir. Nauðsyn var þó að upplýsingar lægju fyrir um þetta efni, sbr. áðurgreinda 78. gr. laga nr. 74/1974.

Ekki var ákærða gefinn kostur á að tjá sig um þetta atriði. Af rannsókn máls verður heldur ekki ráðið, hvenær hafin var sala á vörum þeim, er mál þetta varðar, enda ákærði ekki um það spurður, sbr. 75. gr. nefndra laga.

Hvorug ákæra máls þessa er svo skilrík sem fyrir er mælt í 115. gr. nefndra laga. Í báðum ákærum eru tímasetningar ónákvæmar. Í fyrri ákærunni, dags. 13. desember 1976, er ákærða gefið að sök að hafa margsinis á tilteknu tímabili vanrækt að skila verðlagsskrifstofunni verðútreikningum yfir innfluttar vörur. Í síðari ákærunni, dags. 12. janúar 1977, er ákærða gefið að sök að hafa vanrækt að skila verðútreikningum yfir innfluttar vörur fyrirtækisins samkvæmt tuttugu tollafgreiðslunúmerum, tollafgreiddum á tilteknu tímabili. Í hvorugri ákærunni greinir frá, um hvers kyns vörur var að ræða. Þá er ákærða í báðum tilvikum gefið að sök að hafa hafið sölu varanna, án þess að verðlagsyfirvöld hefðu staðfest söluverð þeirra. Ekki er þó í ljós leitt í rannsókn málsins, svo sem fyrr getur, hvort vörurnar, allar eða sumar, væru háðar verðlagseftirliti, sbr. tilkynningu verðlagsstjóra nr. 10/1957, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 188/1960, sbr. 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 41/1976.

Ákærun í máli þessu eru reistar á rannsóknnum, sem eigi

fullnægðu skilyrðum laga til málshöfðunar, og sjálfar fullnægja ákærurnar eigi lagaskilyrðum. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákærunum frá héraðsdómi.

Sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir báðum dómum, samtals 100.000 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákærum í málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir báðum dómum, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, samtals 100.000 krónur.

#### Dómur verðlagsdóms Reykjavíkur 6. apríl 1977.

Ár 1977, miðvikudaginn 6. apríl, er á dómþingi verðlagsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara sem dómsformanni og Gunnari Eydal héraðsdómslögmanni sem meðdómanda, kveðinn upp dómur í verðlagsdómsmálinu nr. 198/1977: Ákæruvaldið gegn Borgþóri Björnssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með tveim ákæruskjölum ríkissaksóknara á hendur ákærða Borgþóri Björnssyni, Mánabraut 17 í Kópavogi, fæddum 5. apríl 1910 að Grjótnesi í Presthólahreppi, Norður-Þingeyjarsýslu, framkvæmdastjóra hlutafélagsins Byggis, Lauga-vegi 168 í Reykjavík.

Með ákæruskjali, dagsettu 13. desember sl., er mál höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa margsinnis á tímabilinu frá því í mars til desember 1975, að síðustu þrátt fyrir aðvaranir verðlagsstjóra, vanrækt að skila verðlagseftirliti með þeim hætti, sem krafist er, verðútreikningum yfir innfluttar vörur fyrirtækisins, tollafgreiddar á þeim tíma, og hafið sölu varanna, án þess að verðlagsyfirvöld hefðu staðfest söluverð þeirra.

Telst þetta varða við tilkynningu verðlagsstjóra nr. 10 1. apríl 1957, 5. gr. reglugerðar um verðlagsmál nr. 188/1960 og 10. gr.,

sbr. 20. gr. laga um verðlagsmál nr. 54/1960, sbr. nú 6. og 7. gr. reglugerðar um sama efni nr. 41/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Þá er með ákæruskjali, dagsettu 12. janúar sl., höfðað mál á hendur ákærða „fyrir að hafa margsinnis á tímabilinu frá því í janúar til júlí 1976, og þrátt fyrir aðvaranir verðlagsstjóra, vanrækt að skila verðlagseftirliti með þeim hætti, sem krafist er, verðútreikningum yfir innfluttar vörur fyrirtækisins samkvæmt tuttugu tollafgreiðslunúmerum, tollafgreiddum á tímabilinu 12. janúar til 2. júlí 1976, og hafið sölu varanna, án þess að verðlagisyfirvöld hefðu staðfest söluverð þeirra.

Telst þetta varða við tilkynningu verðlagsstjóra nr. 10 1. apríl 1957, 5. gr. reglugerðar um verðlagsmál nr. 188/1960 og 10. gr., sbr. 20. gr. laga um verðlagsmál nr. 54/1960, sbr. nú 6. og 7. gr. reglugerðar um sama efni nr. 41/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir:

Með bréfum, dagsettum 24. febrúar, 16. júní og 23. júlí 1976, kærði verðlagsstjóri ákærða, Borgþór Björnsson, f. h. Byggis, Laugavegi 168 í Reykjavík, fyrir verulega vanrækslu á því að skila verðútreikningum fyrir vörur, sem fyrirtækið hafði flutt til landsins og höfðu verið tollafgreiddar. Var þess getið í bréfunum, að algerlega væri óheimilt samkvæmt tilkynningu verðlagsstjóra nr. 10 frá 1. apríl 1957 að hefja sölu á vörunni, fyrr en verðreikningi hefði verið skilað og verð hennar staðfest, enda bæri að skila slíkum reikningi eigi síðar en 10 dögum eftir að varan hefði verið tollafgreidd.

Í fyrsta kærubréfi verðlagsstjóra, sem fjallar um þessa vanrækslu á árinu 1975, er þess getið, að verðútreikninga hafi m. a. vantað yfir eftirgreind tollafgreiðslunúmer (í sviga tollafgreiðsludagar varanna): 15929 (11-3), 31511-2-3 (15-5), 33872 (26-5), 33885 (26-5), 35225 (30-5), 35611 (2-6), 38641 (10-6), 39714 (13-6), 40855 (20-6), 46999 (15-7), 48965 (22-7), 50171 (25-7), 52772 (8-8), 58579 (1-9), 58584 (1-9), 60419 (8-9), 60422 (8-9), 61633 (11-9), 63187 (17-9), 63516 (18-9), 65407 (24-9), 67751 (31-9), 75034 (29-10), 77267-8 (6-11), 77948-9 (10-11), 80320 (17-11), 80773 (18-11), 90880 (20-12).

Í næsta bréfi, sem fjallar um þessa vanrækslu á árinu 1976, er

þess getið, að verðútreikninga hafi m. a. vantað yfir eftirgreind tollafgreiðslunúmer: 1876-7 (12.1.), 7914 (5.2.), 12247 (3.3.), 16718-9 (18.3.), 18905 (25.3.), 19782 (30.3.).

Í þriðja bréfinu, sem fjallar einnig um þessa vanrækslu á árinu 1976, er þess getið, að verðútreikninga hafi m. a. vantað yfir eftirgreind tollafgreiðslunúmer auk þeirra, sem áður er getið: 21447-8 (5.4.), 23866 (13.4.), 28309 (4.5.), 31261 (13.5.), 32440 (17.5.), 36483-4 (2.6.), 38882 (10.6.), 40900 (16.6.), 44651 (30.6.), 45227 (2.7.).

Fyrstgreinda kærubréfinu fylgdu ljósrit af þrem bréfum, sem verðlagsstjóri hafði sent fyrirtæki ákærða 14. október 1975, 17. nóvember 1975 og 8. janúar 1976. Bréfinu frá 16. júní 1976 fylgdi ljósrit af bréfi verðlagsstjóra til fyrirtækis ákærða, dagsett 13. apríl 1976, og bréfinu frá 23. júlí 1976 fylgdi ljósrit af sama bréfi verðlagsstjóra til fyrirtækisins. Í niðurlagi greindra bréfa segir svo:

„Er þess vænst, að þér sendið skrifstofunni án frekari tafar verðútreikninga yfir hinar tilgreindu tollafgreiðslur sem og þess, að þér fylgið framvegis í öllu settum reglum í þessu efni, svo eigi verði nauðsynlegt að grípa til annarra ráða þessu viðvikjandi“.

Ákærði hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að hann sé framkvæmdastjóri Byggis h/f og einn ábyrgur fyrir öllum rekstri fyrirtækisins, sem hefur með höndum ýmsar framkvæmdir og almennan innflutning, aðallega á byggingavörum.

Ákærði viðurkenndi, að það væri rétt, að hann hefði ekki skilað verðútreikningum þeim, sem kæran fjallar um. Segist ákærði hafa gengið frá verðútreikningum öllum og væru þeir til staðar á skrifstofu sinni. Hann kvaðst hins vegar ekki hafa séð ástæðu til þess að færa verðlagsskrifstofunni skjölin eða senda henni þau til athugunar. Kvaðst hann oft hafa hringt á verðlagsskrifstofuna og talað við starfsmenn þar og boðið þeim að koma á skrifstofu sína og skoða skjölin, en því hefði aldrei verið sinnt.

Þá kvaðst ákærði vilja gefa frekari skýringu á því, hvers vegna hann skili ekki verðútreikningum, og lagði fram endurrit af skýrslu, sem hann gaf fyrir verðlagsdómi í október 1974 vegna sams konar máls. Er sú skýrsla orðrétt á þessa leið:

„Mætti segir, að rétt sé út af fyrir sig, að hann hafi ekki skilað verðútreikningum þeim, sem getið er um á dskj. nr. 1, en ástæðurnar til þess segir mætti vera eftirfarandi: Mætti kveðst áður

fyrir hafa skilað verðreikningum til verðlagsskrifstofunnar reglulega og á sama tíma hafi alltaf verið að ganga eftir reikningum, sem farnir voru til þeirra. Var þetta á þeim tíma, sem verðlags-skrifstofan var til húsa í Arnarhvoli fyrir um 8—10 árum síðan. Mætti segir, að sér sé sérstaklega minnisstætt, að eitt sinn hafi hann verið spurður um tiltekna verðreikninga, sem hann var búinn að senda. Mætti gerði sér þá ferð á verðlagsskrifstofuna. Þar í glugga á skrifstofu sá mætti mikið af pósti, sólbrenndum og blautum, sem ekki hafði verið opnaður. Í haugnum fann mætti nokkur stór umslög frá sér, sem ekki höfðu verið opnuð, og í þeim voru m. a. þeir verðreikningar, sem verið var að krefja hann um. Ekki veit mætti við hvaða starfsmann hann talaði, en meðan að á þessum samskiptum stóð, kom þar að Baldvin Jónsson, hrl., sem mætti telur, að hafi verið formaður verðlagsnefndar á þeim tíma. Tjáði Baldvin mætta, að til stæði að aflétta þessari skilaskyldu á verðreikningum. Síðan hefur mætti ekki skilað verðreikningum.

Mætti kveðst ekki hafa heyrt neitt frá verðlagsskrifstofunni fyrir en þá einhvern tíma á síðustu mánuðum, að hringt hefur verið. Mætti tjáði þeim, sem hann ræddi við, að hann væri einn starfandi í fyrirtæki sínu, hefði ætíð farið eftir fyrirmælum verðlagsyfirvalda um verð, verðreikningar lægju allir fyrir og hann væri reiðubúinn að sýna þá eftirlitsmönnum, ef þeir vildu líta á þá og mæltist jafnframt til þess. Var mætta þá tjáð, að verðlagsskrifstofan hefði ekki starfsfólk til að sinna slíkum störfum.

Mætti kveðst óska að taka fram, að sér sé kunnugt um það, að enn komi það fyrir, að póstur með verðreikningum sé ekki einu sinni opnaður, og hann viti jafnvel um eitt dæmi þess, að leita þurfti aðstoðar fógeta til að ná aftur frumgögnum, sem fylgdu verðútreikningum“.

Við þingfestingu beggja ákæranna skýrði ákærði svo frá, að ástæðurnar fyrir vanrækslunni væru þær sömu og hann hefði áður tilgreint. Því til viðbótar tók hann fram við þingfestingu fyrri ákærunnar, að hann væri einn á skrifstofu Byggis og hefði ekki haft tíma til að sinna skilaskyldunni. Þá tók ákærði fram, að starfsmenn verðlagsstjóra hefðu komið á skrifstofu hans sl. sumar og haust og litið yfir verðútreikninga ákærða og ekkert fundið athugavert við þá.

Ákærða var boðið að ljúka með dómssátt máli því, er fyrri ákæran fjallar um, en hann hafnaði því.

Verjandi ákærða hefur gert kröfu til þess í fyrsta lagi, að málinu verði vísað frá, þar sem ákærurnar fullnægi ekki ákvæðum laga um frágang þeirra, en til vara, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Af dómsins hálfu er litið svo á, að báðar ákærurnar fullnægi ákvæðum 115. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, enda þótt fyrri ákæran mætti vera gleggri. Þetta þykir þó ekki eiga að varða frávisun, og verður sú krafa verjandans ekki tekin til greina.

Af því, sem rakið hefur verið, er með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu, sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákærunum, og þykir hún þar rétt færð til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1948 30/7 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1950 8/11 Reykjavík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1951 13/2 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1952 12/3 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1954 27/9 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lög-reglusamþykktar.
- 1955 23/2 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lög-reglusamþykktar.
- 1955 30/9 Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lög-reglusamþykktar.
- 1956 30/8 Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði og ökuhraða.
- 1959 14/7 Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1959 5/10 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1960 21/3 Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1962 20/2 Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- 1963 27/5 Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

- 1964 4/6 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.  
 1967 2/3 Kópavogi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 38.  
 gr. umferðarlaga.  
 1972 2/3 Kópavogi: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 4. mgr. 48.  
 gr. og 50. gr. umferðarlaga.  
 1975 1/12 Kópavogi: Sátt, 6.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 26.  
 gr., 1. mgr. 27. gr. og 49. gr. umferðarlaga, 4., 5. og 19.  
 gr. umfl. og reglugerð um stöðvun.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 20. gr. laga nr. 54/1960. Með hliðsjón af því, að ákærði hefur ekki áður sætt refsingu fyrir sams konar háttsemi, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 25.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði í hennar stað varðhaldi í 5 daga.

Þá ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

#### Dómsorð:

Ákærði, Borgþór Björnsson, greiði 25.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 5 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.